008778

Samþykkt í skipulags- og umhverfisnefnd
06 / 10 2021

Fjallabyggð
Byggingarfulltrúi:



Afstöðumynd 1:500

Byggingarlýsing.

Húslýsing:
Eyrarflöt 14-20, 580 Siglufjörður
Raðhús með 4 íbúðum, mismunand af stærð 90-173 m2.

Byggingalýsing:

Lóð
Landnúmer 226888
Staðgreinir: 6250-1-
Flatarmál lóðar: 1518 m²

Byggingalýsing:

Útveggir
Útveggir eru 320 mm samlokueiningar frá steypustöðinni - 150 mm járnbundin steinsteypa, einangraðir með 100 mm og 70 mm steypt veðurkápa, loftorkuperla.

Einangrun
Einangrun allra byggingarhluta er miðuð við gr. 13.3.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012, sbr. reglug. nr. 1173/2012 og 350/2013. Hámark U-gildi einstakra byggingarhluta og vegið meðaltal U-gildi útveggja verður uppfyllt.

Þak
Þak er létt tvíhalla úr timbri, einangrað og klætt loftræstri ál klæðningu . bakið er einangrað með 225 mm þakull á milli sperra, ofan á er svo þakklúkur. Vanda skal frágang samskeyta ullarplatna þannig að þær myndi eina samstæða heild.

Gluggar
Gluggar eru almennt álgluggar eða timbur-álgluggar. Allt gler er tvöfalt K-gler samkvæmt gr. 13.3.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012, sbr. reglug. nr. 1173/2012 og 350/2013. Við ákvörðun á staðsetningu og gerð öryggisglers skal fara eftir og uppfylla kröfur um eldvarnir.

Útihurðir
Útihurðir eru úr ál-timbri eða ál og í samræmi við umgjörð viðkomandi hurða. Framleiðandi skal gera ráð fyrir bili fyrir fúgu umhverfis glugga til þéttingar við ísetningu

Innveggir
Tvöfalldir steyptir veggir milli íbúða, hver 180 mm með 50mm einangrun á milli. Léttir innveggir eru bláksteðaveggir klæddir með gipsplötum eða úr léttsteypu.

Loft
Niðurtekin loft geta verið að hluta yfir baðherbergjum og gang/geymslu rýmum.

Algild hönnun
Íbúðir eru hannaðar á grundvelli algildrar hönnunar.
Í íbúðum sem hannaðar eru með aðgengi hjólastólanotenda í huga er rými fyrir hindrunarlaust snúningssvæði hjólastóls (1500mm) í a.m.k. einu svefnherbergi, stofu, baðherbergi, þvottahúsi og við eldhúsinnréttingu. Snúa má opnunarátt innihurðe íbúðanna sé þess þörf.

Sorp
Sorpgeymslur eru að finna við hverja íbúð, þær eiga að vera í samræmi við fyrirmæli byggingarreglugerðar og „þriggja flokka kerfis".
Snjóbræðsla er í innkeyrslum og gangstígum sem liggja að sorpgeymslum.

Lóð
Bilastæði og meginaðkomur eru malbikuð eða hellulögð. Á öðrum svæðum eru timburpallur, gras og gróður. Setlaugar á lóð uppfylla byggingareglugerð ,12.10.4. gr. og er búnar læsanlegu loki þegar þær er ekki í notkun. Barmur setlaugar skal vera a.m.k. 0,40 m yfir göngusvæði umhverfis hana.

F.h.

Bílastæði
Gert er ráð fyrir 2 bílastæðum fyrir framan inngang íbúða.

Tryggja skal við ákvörðun stofnlagna að hægt sé að hlaða rafbíla við húsin.

Póstkassar / Bréfalúga
Póstkassar/bréfalúgur fyrir íbúðir verða staðsettir í/við útihurðir íbúðanna.

Sérafnotareitir
Sérafnotareitir fyrir íbúðir verða eins og sýnt er á grunnmynd. Efnisval og gerð skárúma sérafnotareita verða ákveðin í samráði við hönnuð hússins.

Loftræsting
Öll rými íbúðanna eru náttúrulega loftræst í gegnum glugga ásamt því að loft er tekið inn í gegnum Ø140mm útiloftsventil sem opnar inn að loftun utanhússklæðningar. Loftventilinn verður staðsettur í alrými.
Útsog frá eldhúsum og baðherbergjum er um túðu í þaki eða útveggi.

Upphitun og lagnir
Almennt
Allur frágangur lagnakerfa er þannig að hann uppfylli kröfur skv. íslenskri byggingarreglugerð nr. 112/2012, með áorðum breytingum, svo og öðrum íslenskum stöðlum, reglugerð og samþykktum sem eiga við framkvæmdir eins og hér um ræðir.

Inntök
Inntök fyrir heitt og kalt vatn eru í inntaksrými við íbúðarhús.

Frárennslislskerfi
Tvöfalt ráveitukerfi verður fyrir byggingarnar þ.e. regnvatnskerfi og skolpkerfi sem fer í veitukerfi bæjarfélagsins.

Neysluvatnskerfi
Neysluvatnskerfi er upphitað kalt vatn á varmaskipti, Neysluvatn frá töppunarstöðum mun vera í samræmi við gildandi byggingarreglugerð. Kerfið verður rör í rör kerfi

Hitakerfi
Bygging er hituð með hitaveitu. Hitakerfi eru gólfhiti í íbúðarhúsi og handklæðaofnum í bland.

Loftræsikerfi
Loftræsing rýma er náttúrulegi loftræsing og vélrænt útsog frá lokuðum rýmum og salernum í samræmi við gildandi byggingarreglugerð.

Hljóðvist:
Um hljóðvist skal byggingin að lágmarki uppfylla kröfur til hljóðvistar-flokks C samkvæmt staðlinum ÍST 45 eða fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða varðandi viðmiðunarmörk fyrir leyfilegan hávaða fyrir íbúðarhúsnæði á verslunar-, þjónustu- og miðsvæðum.

Stærðir.

Eyrarflöt 14-20, 580 Siglufjörður Heildarstærðir (brúttó)	Flatarmál (m2)	Rúmmál (m3)
Hús nr 14	172,6	---
Hús nr 16	122,5	---
Hús nr 18	146,3	---
Hús nr 20	147,6	---
Samtals 1.hæð	589,0	2.070,4
Botnplata	---	117,8
Samtals	**589,0**	**2188,2**
Flatarmál lóðar	**1518,0**	
Nýtingarhlutfall	**0,39**	

Varmatap samtala.

Heildarvarmatap	Í LAGI	18896 W		24966 W	Kröfur byggingarreglugerðar
Vegið meðaltal útveggir/glugga/hurðir	Í LAGI	0,79 W/m2°K	0,85 W		Kröfur byggingarreglugerðar
Fermetrar húss		589,00			
Heildarvarmatap á fermetra húss		0,92 W/m2°C			Krafa/Raun≥100 132,13 %

Brunavarnir.

Brunavarnir
Byggingin hýsir íbúðir í notkunarflokki 3.

Í öllum íbúðum skal vera lágmark einn reykskynjari og handslökkvitæki með slökkvigetu 21A og 183B.

Á svefnherbergjum verða hliðarhengd björgunarop lágmark 90x60 cm, hæð að innanverðu upp í op hámark 1,2 metrar en 1,6 metrar að utan.

Veggir verða steinsteyptir R90 og timburþak varið R30.

Veggur milli íbúða verður REI90. Loftræsing verður sjálfstæð fyrir hverja íbúð. Bílskúrar eru sér brunahólf.

Sorp er staðsett við götu, í öruggri fjarlægð frá húsi.

Klæðningar flokkast skv. ÍST EN 13501-1. Klæðningar innanhúss skulu að lágmarki vera í flokki 2 (D-s2,d0), en loft verður gifsklætt til að ná R30. Utanhússklæðning verður að mestu leyti málmklæðning í flokki A2-s1,d0 og að hluta timbur í flokki 2 skv. útlitsteikningum aðaluppdrátta. Undirkerfi klæðningar má vera í flokki 2 (timbur). þakklæðning skal vera í flokki T að lágmarki (B_{roof}(t2)). Öll einangrun verður steinull utan við sökkuleinangrun og undir botnplötu sem má vera plasteinangrun.



Grunnmynd 1:100

BREYTINGAR.

T.ark
ARKITEKTAR
HÁTÚNI 2b - 105 REYKJAVÍK
SÍMI: 540 5700
tark@tark.is - www.tark.is

VERKHEITI
Eyrarflöt 14-20, 580 Siglufirði
Raðhús
Aðaluppdrættir

VERK
Afstöðumynd og grunnmynd

MÁL: 1:500 og 1:100 / A1
DAGS.: 03.01.2023
HANNAÐ: ÁÁ
TEIKNAÐ: KMS
YFIRFARIÐ: IC
VERKNÚMER: 752-63
FL: 04
TEIKNINGANÚMER: 1.1-01
ÚTG

SAMÞ. Ásgeir Ásgeirsson Arkitekt MAA FSSA KL: 060161-5429

Öll afrit og afrit teikninga, að hluta eða heild, er háð samþykki höfunda, skv. ákvæðum höfundalaga.